

Föstudaginn 18. nóvember 1988.

Nr. 305/1988. **Guðlaug Erla Skagfjörð**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Þorsteini Stefánssyni

(Örn Clausen hrl.)

Hjón. Búskipti við skilnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. október 1987. Dómkröfur hennar eru aðallega þær, að félagsbúi málsaðilja verði skipt á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, en til vara, að frá helmingaskiptum verði vikið áfrýjanda í óhag að mati Hæstaréttar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn. Þau eru leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, útgefið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. júní 1988 til málsaðilja, svo og vottorð frá Hagstofu Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, er sýna að áfrýjandi hefir gíft sex sinnum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaug Erla Skagfjörð, greiði stefnda, Þorsteini Stefánssyni, 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. október 1987.

I

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 30. september 1987. Sónknaaðili málsins, Þorsteinn Stefánsson, nnr. 9757-8885, Ósi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, gerir þær kröfur aðallega að skiptum á búi hans og varnaraðila verði hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor aðila um sig haldi þeim eignum annars vegar er viðkomandi átti við stofnun hjúskapar og gerðar voru að séreign, svo og öðrum eignum er viðkomandi færði í félagsbúið við stofnun hjúskaparins eða komu síðar í þeirra stað.

Í hlut mannsins komi því:

1. Íbúðarhúsið að Ósi II í Skilmannahreppi með öllum þeim réttindum sem því fylgir.

2. Innistæða á bankabók nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi, að fjárhæð kr. 1.919.004,00.

3. Innistæða á bankabók nr. 60088 í Landsbanka Íslands, Akranesi, að fjárhæð kr. 1.477,00.

4. Innistæða á bankabók nr. 1980 í Landsbanka Íslands, Akranesi, að fjárhæð kr. 49.099,75.

5. Bifreiðin M-1061 af gerðinni Opel Ascona árg. 1984.

6. Kartöfluflokkunarvél að matsverði kr. 165.760,00.

7. Eftirtaldir lausamunir: 7.1. Ísskápur. 7.2. Þvottavél. 7.3. Fjögurra vetra hryssa.

Í hlut konunnar komi:

1. Fjögurra herbergja íbúð að Unufelli 33, Reykjavík, 3. h. t.v. ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum, að fasteignamatsverði kr. 2.380.000,00.

2. Bækur merktar konunni og hljómplötusafn.

3. Sjónvarp og myndband af gerðinni ITT 22" og Panasonic.

4. Persónulegir stofumunir, gjafir og málverk.

5. Sex vetra hryssa.

6. Skuldir áhvilandi á Unufelli 33, 3. h. t.v. við 6.1. Byggingasjóð verkamanna, nú að fjárhæð með vanskilum kr. 1.315.993,70 (lán nr. 160767). 6.2. Byggingasjóð ríkisins, nú að fjárhæð með vanskilum og verðbótum kr. 53.135,00 (lán nr. 21009).

Loks er þess krafist að konan rými íbúðarhús mannsins að Ósi II í Skilmannahreppi tafarlaust og afhendi sóknaraðila lykla að bifreiðinni M-1061 án tafar. Þennan lið kröfugerðarinnar felldi sóknaraðili niður við munnlegan málflutning. Til vara, og ef ekki verður fallist á skipti á grundvelli 57. gr. l. nr. 60/1972, er þess krafist að öðrum eignum en sér-

eignum verði skipt þannig að Þorsteinn fái aukinn búshluta í sinn hlut.

Til þrautavara, og ef til helmingaskipta kemur á öðrum eignum en sér-eignum aðila, er þess krafist að sóknaraðila verði úthlutað af búshluta varnaraðila kr. 252.260,00 með 12,5% ársvöxtum frá 28.10. 1986 til 11.11. 1986 en með 15% ársvöxtum frá þ.d. til 11.01. 1987 en með 18,27% árs-vöxtum frá þ.d. til 01.02. 1987 en með 20,4% ársvöxtum frá þ.d. til 01.06. 1987 en með 23,2% ársvöxtum frá þ.d. til 01.07. 1987 en með 25,4% árs-vöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Með séreignum á sóknaraðili við séreignir varnaraðila skv. kaupmála og skuldir þeim tengdar og séreign sóknaraðila skv. kaupmála og þær eignir sem í stað hennar hafa komið, ein bankabók nr. 61050 og kartöfluflokk-unarvél. Hvernig sem málið fer er krafist málskostnaðar úr hendi varnar-aðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili málsins, Guðlaug Erla Skagfjörð, nnr. 2971-3553, Ósi, Skil-mannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, gerir þær kröfur aðallega að félagsbúi hjónanna verði skipt á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, en til vara að frá helmingaskiptum verði vikið varnaraðila lítilega í óhag að mati réttarins. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins úr hendi sóknar-aðila.

II

Málavextir eru þeir helstir, að svo miklu leyti sem ráðið verður af gögn-um málsins og skýrslum málsaðila, að um er að ræða 72 ára gamlan mann og 50 ára konu. Maðurinn, sem áður hafði verið í hjúskap, varð ekill 1982 og á 6 uppkomin börn. Konan á 6 börn, þar af 3 uppkomin, en hin á aldrinum 8 og 15 ára (tvíburar). Konan neitaði að tjá sig um það að-spurð, hversu oft hún hefði áður verið gift.

Aðilar málsins kynntust á árinu 1985, þegar varnaraðili réðst til sóknar-aðila sem ráðskona eftir auglýsingu sóknaraðila í apríl það ár. Í ágúst sama ár giftust þau, m.a. til þess, að því er virðist, að varnaraðili gæti fengið börn sín á nýjan leik en yfir þeim hafði hún glatað forræði. Þegar til hjúskaparins var stofnað átti sóknaraðili umtalsverðar skuldlausar eignir: íbúðarhús í byggingu að Höfðagrund 7, Akranesi, íbúðarhús að Ósi II í Skilmannahreppi, 2 bifreiðar, innistæður á bankabókum o.fl. lausafé.

Varnaraðili átti fjögurra herbergja íbúð að Unufelli 33 í Reykjavík með áhvílandi skuldum, innanstokksmuni o.fl. lausafé. Fyrir hjúskap gerðu aðilar með sér kaupmála, þar sem allar eignir konunnar voru gerðar að séreign hennar og íbúðarhús sem maðurinn átti í byggingu að Höfðagrund 7 var gert að séreign hans. Í kaupmálanum eru ákvæði sem segja að arður

og það sem kemur í stað séreignar hvors um sig verði séreign þess sem séreignina á og að allur arfur, hverju nafni sem nefnist, skuli vera séreign þess þeirra sem erfði í hvert sinn og að öðru leyti fari um fjármál þeirra að lögum.

Meðan á hjúskapnum stóð seldi sóknaraðili íbúðarhúsið að Höfðagrunn 7 á Akranesi. Andvirði hússins lagði hann inn á bankabók (kjörbók) í Landsbankanum á Akranesi, sem hann stofnaði sérstaklega í þessu skyni. Innistæðu á þessari bók telur sóknaraðili vera sína séreign svo og kartöfluflokkunarvél sem hann keypti og greiddi af innistæðu bókarinnar.

Á meðan á hjúskap stóð greiddi sóknaraðili fyrir allt sem til reksturs heimilisins þurfti og kostnað af eignum búans og innti einnig af hendi greiðslu af skuldum varnaraðila vegna séreignar hennar.

Þar sem tekjur búans voru afar litlar var að mestu gengið á bankainnistæðu sóknaraðila vegna umræddra útgjalda. Tekjur málsaðila voru einkum ellilífeyrir og eftirlaun sóknaraðila og tekjur af landbúnaði, einkum kartöflusölu og sölu á bústofni.

Í byrjun ársins 1987 munu málsaðilar í alvöru hafa farið að ræða um skilnað. Í júlímánuði það ár flutti sóknaraðili úr húsinu og hefur ekki dvalið þar síðan, enda var skipt um hurðarskrár svo að hann hafði ekki lengur frjálsan aðgang að því. Hinn 15. júlí sl. mætti sóknaraðili á skrifstofu embættisins og óskaði eftir skilnaði að borði og sæng. Ekki varð samkomulag um eignaskiptingu og var krafa sóknaraðila um töku félagsbús málsaðilanna til opinberra skipta tekin fyrir hér í réttinum þann 17. ágúst 1987. Við búsmæðferðina varð ágreiningur með málsaðilum um kröfur sóknaraðila og er málarekstur þessi til úrlausnar þeim ágreiningi.

III. Hér er málarekstur um skilnað.

Aðalkröfu sína um að búi málsaðila verði skipt á grundvelli 57. gr. sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972 styður sóknaraðili eftirfarandi rökum: Hjúskapur þeirra hafi staðið í mjög stuttan tíma eða tæp tvö ár. Ári eftir stofnun hjúskapar hafi verið farið að ræða skilnað þótt sóknaraðili bæri ekki fram kröfu um hjúskaparslit fyrr en í júlímánuði sl. Hafi hann þá hrökklast af heimilinu fyrir ofríki konunnar og ráðgjafa hennar, Magnúsar Guðnasonar. Ágreiningslaust sé hvaða eignir voru gerðar að séreign aðila með kaupmála, en aðrar eignir sem ekki voru gerðar að séreign með kaupmála stafi frá sóknaraðila. Sé um veruleg verðmæti að ræða sem varnaraðili hafi á engan hátt átt þátt í að skapa. Væri bersýnilega ósanngjarnt ef varnaraðili tæki helming allra eigna sóknaraðila við slit svo skammvinns hjúskapar og hefði þannig verulegan fjárhagslegan ávinning af ráðahagnum. Miðað við meðferð varnaraðila á fjármunum búans og kröfu hennar nú verði ekki komist hjá þeirri hugsun að til hjúskaparins hafi beinlínis verið stofnað í fjárhags-

legu ábataskyni af hennar hálfu, enda hafi sóknaraðili verið sæmilega efn-
um búinn í upphafi hjúskapar.

Fjárhagsleg samstaða málsaðila á hjúskapartíma hafi verið mjög óveruleg og nánast engin. Tekjum og gjöldum vegna séreigna hafi verið haldið algerlega aðgreindum. Þá hafi sóknaraðili haft gott og aðgengilegt yfirlit yfir þær eignir er hann átti við stofnun hjúskaparins og meðferð þeirra á hjúskapartímanum. Á eignir hans hafi verið gengið á hjúskapartíma til framfærslu heimilisfólks og aukaútgjalda varnaraðila. Þá hafi allar tekjur sóknaraðila vegna landbúnaðarstarfa runnið til heimilis og annarra útgjalda varnaraðila án þess að nýjar eignir, fastar eða lausar, mynduðust, ef undan væri talinn hestur er keyptur var fyrir varnaraðila og án þess að varnaraðili aflaði sjálf sérstakra tekna.

Ljóst sé að aðalregla íslensks réttar um fjármál hjóna, er til skilnaðar eða slita á fjárfélagi kemur, sé í 2. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20, 1923, sbr. ákvæði VII. kafla, einkum 49. gr. sömu laga. Í 57. gr. laga nr. 60, 1972 sé heimild til þess að vikja frá aðalreglu laga nr. 20, 1923 um helmingaskipti ef krafist er og helmingaskipti eru bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hefur staðið skamma stund og hefur ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Með vísan til alls þessa verði að telja fullsannað að öll skilyrði 57. gr. laga nr. 60, 1972 séu fyrir hendi í þessu máli. Þar sem sóknaraðili geri kröfu til skipta á grundvelli 57. gr. beri því að taka þá kröfu hans til greina.

Varakröfu sína um aukinn búshluta byggir sóknaraðili á því að allar þær eignir sem til skipta koma stafi frá sér og hafi verið persónulegar eignir hans áður en til hjúskapar var stofnað. Þá byggir hann varakröfuna á því að varnaraðili hafi á sambúðartíma rýrt upphaflegar eigur sóknaraðila með óhóflegri eyðslu og ráðstöfun fjár án þess að hann fengi skýringar á því í hvað peningarnir fóru. Þá hafi varnaraðili gengið í bankabækur sóknaraðila sem sínar eigin. Hafi af hennar hálfu ekki verið gerður greinarmunur á séreign og öðrum eignum. Vísist í þeim efnum til 19. gr., 48. gr. og 52. gr. laga nr. 20, 1923. Skuldi varnaraðili sóknaraðila sannanlega vegna þessa kr. 252.260,00 er hún hafi tekið út af séreignabók hans nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi. Loks hafi sóknaraðili greitt fyrir varnaraðila ýmsar skuldir og reikninga vegna séreignar hennar að fjárhæð kr. 162.094,85.

Þrautavarakröfu sína byggir sóknaraðili á því að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila það fé sem hún tók út af bankabók hans nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi, og sé hans séreign. Námu þessar úttektir hennar kr. 252.260,00. Hluta af þessu fé hafi sóknaraðili litið á sem lán til varnaraðila, en annað fé hafi hún tekið út án heimildar.

Eðlilegast sé því að sóknaraðila verði úthlutað nefndri upphæð með hæstu innlánsvöxtum af búshluta varnaraðila. Leiði sanngirnissjónarmið til

þeirrar niðurstöðu. Vextir miðist við síðasta úttektardag varnaraðila, 28.10. 1986. Reiknað sé með hæstu innlánsvöxtum sparifjár Samvinnubanka Íslands hf.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um fjárskipti að hætti 57. gr. laga nr. 60, 1972, þar eð hún hafi ekki við nægileg rök að styðjast. Fyrir valdsmanni hinn 15. júlí sl. hafi sóknaraðili krafist skilnaðar að borði og sæng og jafnframt boðið helmingaskipti á félagsbúi málsaðila. Hinn 28. júlí hafi lögmaður varnaraðila mætt með skriflegu umboði og samþykkt helmingaskipti á eignum félagsbúsins. Vísað er til almennra reglna kröfu- og samningsréttar um loforð og samþykki. Verði ekki betur séð en samkomulag hafi orðið um skipti búsins til helminga. Loforð sóknaraðila hafi ekki verið bundið skilyrðum, ekki tímabundið og ekki höfðu forsendur breyst þar til það var samþykkt. Sé því kominn á bindandi samningur um helmingaskipti búsins.

Í annan stað og til vara heldur varnaraðili því fram að lagagrundvöll skorti til að 57. gr. verði beitt. Ekki sé annað sannað en venjuleg fjárhagsleg samstaða hafi myndast. Bæði hafi þau litlar tekjur skv. skattframtali. Varnaraðili vinni ekki utan heimilis en sinni húsmóðurstörfum. Bæði vinni þau að kartöflurækt og hafi af því tekjur sem renni til heimilishalds. Sóknaraðili leiti eftir skilnaði en varnaraðili ekki, hún hafi lýst sig andviga skilnaði. Sóknaraðili hafi farið burt af heimilinu en ekki langt þar eð hann búi hjá dóttur sinni í næsta húsi. Dómar sem gengið hafi í Hæstarétti bendi ekki til að beita megi undantekningarákvæði 57. gr. í þessu máli. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að helmingaskipti séu bersýnilega ósanngjörn í máli þessu.

Um varakröfuna segir varnaraðili að fremur væri byggt á sanngirnissjónarmiðum en laga þar eð ekki sé um það deilt að sóknaraðili flutti eignirnar í búið.

IV

Svo sem kröfugerð og málflutningi í máli þessu er háttað verður það að teljast aðalúrlausnarefni þess, hvort skilyrðum 57. gr. laga nr. 60, 1972 sé fullnægt, þannig að við skipti á félagsbúi málsaðila verði vikið frá meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20, 1923 með þeim hætti, sem sóknaraðili krefst. Skilyrði lagaákvæðisins eru þau að eigur búsins stafi að mestu leyti frá öðru hjóna er flutt hefur þær í búið með þeim hætti sem 27. gr. laganna kveður á um og einnig að helmingaskipti teljist bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Séu þessi skilyrði fyrir hendi er heimilt að kröfu þess hjóna sem flutti eignirnar í búið að kveða svo á að skipta skuli búinu samkvæmt meginreglu 27. gr. laganna að nokkru eða öllu leyti.

Liggur þá fyrir að meta það, hvort nefndum lagaskilyrðum, 57. gr. laga nr. 60, 1972, sé fullnægt í máli þessu. Óumdeilt er í málinu að eigur búins stafi frá sóknaraðila, enda voru eigur varnaraðila gerðar að séreign hennar fyrir stofnun hjúskaparins. Þykir því fyrri meginskilyrði ákvæðisins, er mælir fyrir um það, eins og fyrr segir, að eigur búins stafi að mestu leyti frá öðru hjónanna, sem flutt hefur þær í búið með þeim hætti er segir í 27. gr. laganna, vera fullnægt, enda er krafan sett fram af því hjóna sem fullnægir þessu skilyrði eins og lögin kveða á um. Þegar hitt meginskilyrðið er metið, þ.e. hvort helmingaskiptareglan teljist bersýnilega ósanngjörn, ber samkvæmt 57. gr. laga nr. 60, 1972 að gaumgæfa, hvort hjúskapur hafi verið skammvinnur og hvort hann hafi leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

Málsaðilar gengu í hjúskap síðari hluta ágústmánaðar 1985. Krafa sóknaraðila um skilnað að borði og sæng var sett fram hjá yfirvaldi 15. júlí 1987, en þá var sóknaraðili fluttur af sameiginlegu heimili þeirra málsaðilanna. Samkvæmt þessu verður að telja að hjúskapur málsaðila hafi verið skammvinnur í skilningi umrædds lagaákvæðis, enda er sú túlkun í fullu samræmi við ráðagerð í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 60, 1972 og einnig fyrri dómsúrlausnir á þessu sviði.

Þegar það er virt að allar eigur búins stöfuðu frá sóknaraðila, sem kom með þær í búið við stofnun hjúskaparins, og einnig að tekjur búins voru litlar samkv. skattframtölum eða einkum ellilífeyrir og eftirlaun sóknaraðila, svo og nokkrar tekjur af landbúnaðarstörfum sem sóknaraðili lagði niður á hjúskapartímanum, svo og það að fjárhag málsaðila virðist hafa verið haldið aðgreindum, þannig að leigutekjur varnaraðila af íbúð hennar í Reykjavík runnu til sonar hennar erlendis og tekjur sóknaraðila sem áður getur og vegna eignaskipta voru lagðar inn á bankabækur á hans nafni og útgjöld til heimilisins m.a. greidd af þeim innistæðum, þykir mega fallast á það með sóknaraðila að ekki hafi myndast veruleg fjárhagsleg samstaða með málsaðilum.

Að öllu þessu virtu þykir mega fallast á það með sóknaraðila að helmingaskipti á félagsbúi málsaðila teljist bersýnilega ósanngjörn, enda hafi öllum skilyrðum 57. gr. laga nr. 60, 1972 verið fullnægt.

Ekki þykir efni til að fallast á það með varnaraðila að sóknaraðili hafi gert varnaraðila tilboð um helmingaskipti á búinu þegar hann mætti fyrir valdsmanni 15. júlí sl. og krafðist skilnaðar að borði og sæng. Ekki er vitað hvort orðalag bókunar er sóknaraðila eða valdsmanns, en af því verður einungis ráðið að sóknaraðili vilji að skipti fari fram á félagsbúinu lögum samkvæmt og þá til helminga, stæðu lög ekki til annars. Aðalinntak bókunarinnar er með öðrum orðum sú krafa sóknaraðila um að skipti fari fram á félagsbúinu, enda höfðu málsaðilar ekkert samkomulag gert um skiptin.

Rétt er og að hafa hugfast, þegar umrædd bókun er virt, að sóknaraðili er ólöglaerður og verður ekki séð að honum hafi verið bent á úrræði 57. gr. laga nr. 60, 1972 þegar hann mætti fyrir valdsmanni. Samkvæmt þessu verður ekki talið að samningur um helmingaskipti á búinu hafi komist á með málsaðilum eins og varnaraðili heldur fram, þótt hann hafi samþykkt fyrrnefnda bókun fyrir valdsmanni eins og um tilboð væri að ræða.

Eigi er að fullu ljóst af gögnum málsins og málflutningi aðila hverjar eru eignir félagsbúsins, en úrlausnarefni máls þessa snýr einungis að þeim. Sóknaraðili hefur haldið því fram að innistæða á bankabók nr. 61050 í Landsbanka Íslands, Akranesi, og kartöfluflokkunarvél væru séreignir sóknaraðila, enda komu þær í stað séreignar hans samkvæmt kaupmálanum sem gerður var fyrir stofnun hjúskapar. Varnaraðili hefur ekki alfarið mótmælt þessu og hefur lögmaður hennar lýst þeirri skoðun sinni við munnlegan flutning málsins að sóknaraðili hafi leitt sterkar líkur að því að þessu sé þannig farið. Telur rétturinn að við það verði að miða, enda hefur flutningur úrskurðarmáls þessa að mjög litlu leyti beinst að þessu tiltekna atriði. Samkvæmt þessu eru óumdeildar eignir félagsbúsins þessar:

Íbúðarhús að Ósi II, Skilmannahreppi, með öllum þeim réttindum sem því fylgir. Innistæða í bankabók nr. 60088 í Landsbanka Íslands, Akranesi. Innistæða í bankabók nr. 1980 í Landsbanka Íslands, Akranesi. Bifreiðin M-1061 og lausamunir, ísskápur, þvottavél, litasjónvarp, frystikista og 4 vetra hryssa.

Svo sem áður er rakið hefur sóknaraðili gert þá kröfu að skiptum á búi hans og varnaraðila verði hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60, 1972 og að í hlut málsaðila hvors um sig komi tilteknar eignir eins og áður hefur verið rakið. Rétturinn telur, eins og einnig er rakið hér að framan, að þau skilyrði sem lögin setja slíkri búskiptaaðferð séu fyrir hendi að því er tekur til félagsbúsins, sbr. umfjöllun hér að framan.

Niðurstaða máls þessa verður því sú að kröfur sóknaraðila eru teknar til greina að því er eignir félagsbúsins varðar og áður er rakið. Þá ber að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Rúnar Guðjónsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Skiptum á félagsbúi aðila máls þessa skal hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60, 1972, þannig að sóknaraðili fær eignir félagsbúsins í sinn hlut.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað kr. 30.000,00 innan 14 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.